

REGLUR

um birtingu á skrá um aukastörf dómara og þau störf sem dómari gegndi áður en hann tók við embætti.

1. gr.

Nefnd um dómaraastörf ber að halda og birta opinberlega skrá um aukastörf dómara og þau störf sem dómari gegndi áður en hann tók við embætti. Skráin skal birt á vefsíðu dómstólasýslunnar og ber að uppfæra hana reglulega.

2. gr.

Í skrá skv. 1. gr. skal eftifarandi koma fram:

- a. Fullt nafn dómara ásamt tilgreiningu á stöðu hans og frá hvaða tíma hann var skipaður í embættið.
- b. Upplýsingar um það aðalstarf sem dómari gegndi áður en hann tók við embættinu. Hafi dómari gegnt síðasta aðalstarfi sínu í skamman tíma getur nefndin ákveðið að skrá fleiri aðalstörf dómarans.
- c. Aukastörf sem dómari gegnir aðgreint eftir því hvort um er að ræða störf sem dómari hefur tekið að sér að fenginni heimild frá nefnd um dómaraastörf eða störf sem tilkynna ber til nefndarinnar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Reglurnar öðlast gildi 18. janúar 2018.

Reykjavík 18. janúar 2018.

Nefnd um dómaraastörf,

Hjördís Hákonardóttir

Ása Ólafsdóttir

Friðgeir Björnsson